52
17. maí

2. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Samábyrgðin má hafa í eigin áhættu 25% af vátryggingarfjárhæð hvers skips, þó ekki hærri fjárhæð á einu skipi en 100 þús. kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru með þeim úr gildi numin lög nr. 37 27. júní 1941 og lög nr. 31 11. júní 1942.

*Gjört í Reykjavík, 17. maí 1947.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.** **Jón Pálmason.** **Jón Ásbjörnsson.**
(L. S.)

*Jóhann Þ. Jósefsson.*

53
17. maí

# LÖG

**um breyting á lögum nr. 30 2. apríl 1943, um breyting á lögum nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,
forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Í A. I. í 1. gr. laga nr. 30 1943 komi þessir nýir liðir:

Undir **a. Vesturland.**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Á eftir 1. lið: | Laxá hjá Möðruvöllum í Kjós. |
| 2. | — — 8. — | Litla Þverá í Þverárhlíð í Mýrasýslu. |
| 3. | — — 15. — | Setbergsá á Skógarströnd. |
| 4. | — — 20. — | Haukadalsá á Haukadalsvegi í Dalasýslu. |
| 5. | — — 28. — | Fagradalsá á Skarðsströnd. |
| 6. | — — 37. — | Eyrará við Kollafjörð. |
| 7. | — — 37. — | Múlaá við Kollafjörð. |
| 8 | — — 37. — | Fjarðarhornsá við Kollafjörð. |
| 9. | — — 42. — | Raknadalsá við Patreksfjörð. |
| 10. | — — 42. — | Sauðlauksdalsá við Patreksfjörð. |
| 11. | — — 43. — | Hvesta við Arnarfjörð. |
| 12. | — — 43. — | Otrardalsá við Arnarfjörð. |
| 13. | — — 43. — | Fossá við Arnarfjörð. |
| 14. | — — 50. — | Múlaá við Ísafjörð. |
| 15. | — — 50. — | Gjörvidalsá við Ísafjörð. |
| 16. | — — 50. — | Ísafjarðará í Ísafjarðarbotni. |
| 17. | — — 50. — | Botnsá við Mjóafjörð. |
| 18. | — — 50. — | Heydalsá við Mjóafjörð. |
| 19. | — — 57. — | Broddaá við Kollafjörð. |
| 20. | — — 57. — | Ennisá í Bitru. |

53
17. maí

Undir b. Norðurland.

1. Á eftir 2. lið: Núpsá í Miðfirði.
2. — — 8. — Norðurá hjá Egilsá í Skagafirði.
3. — — 18. — Syðri-Tunguá í Hörgárdal.
4. — — 18. — Torfafellsá í Eyjafirði.

Undir c. Austurland.

1. Á eftir 11. lið: Njarðvíkurá í Borgarfirði eystra.
2. — — 12. — Jökulsá á Dal undir Brú.
3. — — 12. — Lagarfljót á Steinboga.

Undir d. Suðurland.

1. Á eftir 3. lið: Gjádalsá í Lóni.
2. — — 5. — Lambleiksstaðakelda á Mýrum.
3. — — 10. — Virkisá í Öræfum.
4. — — 10. — Svínafellsá í Öræfum.
5. — — 10. — Skaftafellsá í Öræfum.
6. — — 23. — Affall við Bergþórshvol í Landeyjum.

III. **Aðrar brýr,** b-liður orðist svo:

b. Brýr á sýsluvegum má gera að öllu fyrir fé úr ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 17. maí 1947.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.** **Jón Pálmason.** **Jón Ásbjörnsson.**
(L. S.)

*Emil Jónsson.*

54
12. maí

# AUGLÝSING

## um fullgildingu alþjóða póstmálasamninga.

Hinn 30. nóvember 1946 fullgilti Ísland alþjóða póstmálasamninga þá, sem undirritaðir voru fyrir Íslands hönd í Buenos Aires hinn 23. maí 1939. Fullgildingarskjal Íslands var skrásett í utanríkisráðuneyti Argentínu 14. janúar 1947.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 12. maí 1947.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Agnar Kl. Jónsson.*